

## Lokaskýrsla 19. Desember 2023

### Hópleiðsögn í leiðbeiningu lokaverkefna á meistarastigi í opinberri stjórnsýslu

Umsækjandi um styrk úr kennslumálasjóði var Eva Marín Hlynsdóttir kt 090875-2999

Verkefnið felst í að fylgst er með nemendum sem eru að skrifa meistaraþrófsverkefni undir leiðsögn Evu Marínar Hlynsdóttur dósents í opinberri stjórnsýslu á tímabilinu janúar 2021-júní 2022. Í verkefninu er hópleiðsögn beitt við leiðbeiningu nemenda. Lagt upp með að skapa styðjandi en um leið hvetjandi námsaðstæður með það að markmiði að fjölga þeim nemendum sem ná að klára meistararitgerð á áður skilgreindum tíma. Verkefnið stendur yfir í fjórar annir og tekin eru viðtöl við þá nemendur sem ljúka við ritgerð að lokinni hverri önn, í lok tímabilsins eru tekin viðtöl við þá nemendur sem hafa ekki lokið meistararitgerð.

Niðurstöður verkefnis:

Tekin voru 18 viðtöl. 12 viðtöl við nemendur undirritaðrar sem voru í hópleiðsögn árið 2021, Einnig var talað við nemendur sem voru í leiðsögn hjá öðrum kennurum innan stjórnmálafræðideildar alls átta viðtöl.

Kynning á niðurstöðum var haldin kennara stjórnmálafræðideildar 6. Maí 2022. Unnið er að því að skrifa fræðigreinin upp úr gögnum og stefnt er á birtingu í erlendu tímariti um æðri menntun. Einnig er hugmynd að vera með kynningu ásamt Silju Báru Ómarsdóttur en við fengum styrk nokkrum árum fyrr til að skoða leiðbeiningu út frá sjónarhorni kennara. Grein byggð á þeim gögnum mun birtast í Netlu á næsta ári. Hugmyndin er að steypa þessum gögnum saman og nota í kynningarefni innan Félagsvísindasviðs.

Niðurstöður í verkefninu voru þær helstar að upplifun nemenda af hópleiðsögn var almennt góð, einnig voru þau heilt yfir ánægð með leiðbeiningu annarra kennara innan deildarinnar. Gagnrýni komst helst fram á ferla t.d. hvernig nemendur nálgast leiðbeinanda. Einnig kom gagnrýni fram á vandamál tengd samskiptaörðugleikum við kennara. Meginniðurstaðan er tengd áðurnefndri rannsókn minni með Silju Báru þar sem meginvandi við leiðbeininguna virðist vera skortur á kennslu og eftirfylgni við kennara. Þ.e. þeir þurfa sjálfir að afla sér þekkingar, þetta getur skapað mikinn vanda þar sem ekki eru allir tilbúnir að vinna þá vinnu.